

C

Q

T

F

4. tbl
18. árg
september
2000



Á aðalfundi ÍRA 20. maí 2000 sæmði formaður ÍRA, TF3HP þá Kristján Benediktsson, TF3KB, Vilhjálm Kjartansson, TF3DX og Brynjólf Jónsson, TF5BW silfurmerki ÍRA fyrir störf þeirra í þágu félagsins. Mynd TF5BW

Í þessu blaði:

Frá Ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfunda	4
4W6MM Fréttir	5
Enn um Morse	6
TF7RX í IOTA Contest	7
Ýmis loggforrit	8
QRP ferð til Tokyo 2000	12
Hugleiðingar um áhugamálið	14
Úr ýmsum áttum	15
Endurvarpi í Bláfjöllum	16

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innan lands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióíþróttir meðal radióamatöra.
- Próa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaformaður: Bjarni Sverrisson TF3GB
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Guðjón H. Egilsson TF3WOT
Meðstjórnandi: Heimir S. Jónsson TF3TXT
Varamaður: Friðrik Kristjánsson TF3FK
Varamaður: Halldór Christensen TF3GC

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Utgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Próttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólf ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Ein af þeim spurningum sem við ÍRA félagar þurfum að svara, og það frekar fyrir en seinna, er "Hvers vegna koma ekki fleiri af þeim sem hafa tekið amatörpróf að undanfögnu í loftið?"

Hverju er um að kenna? Þarf að sinna þeim betur eða er hugsanlega um áhugalessi viðkomandi að ræða?

Þetta er eitthvað sem mér finnst að félagið þurfi að kanna og hreinlega að hafa

samband við hvern þann sem hefur tekið próf að undanfögnu og ekki er enn kominn í loftið og fá upp hverjar séu ástæðurnar. Hafi viðkomandi ekki gengið í félagið þarf einnig að kanna af hverju. Öðru vísi verður ekki hægt að leysa vandann.

Einhvern veginn á ég svolítið bág með að skilja til hvers einhver er að eyða tíma og peningum í að taka amatörpróf og nota það síðan ekki. Það mætti líkja þessu við að taka bílpróf en láta það alveg eiga sig að ná í ökuskrteinið, en líklega eru ekki margir sem sleppa því. Hugsanlega næst ekki sá árangur sem að var stemmt og þessvegna er ekki áhugi fyrir því að nota það leyfi sem fékkst en þá er um að gera að reyna aftur og vita hvert ekki næst betri árangur. Hvað gera menn þegar þeir falla á bílprófi? Jú þeir reyna aftur. Þarna vantar sennilega efturfylgni frá ÍRA. En þá kemur að því hverjir eru tilbúnir til að taka slíkt að sér. Í fámennu félagi þar sem enn færri eru virkir getur slíkt verið meiriháttar vandamál. Ekki er um það að ræða að hægt sé að greiða fyrir slíka vinnu því til þess hefur félagið okkar ekki fjárhagslegt bolmagn og þurfum við því að reiða okkur á sjálfbodaliða og góðviljaða féлага og oft hefur tekist að ná saman hóp slíkra manna, sem tekist hefur að gera góða hluti og ber það að sjálfsögðu að þakka.

En gæti hinn almenni félagsmaður ekki gert eitthvað líka? "Elmer" hugmyndin hefur áður verið viðruð og er hið besta mál. Nánari útfærslu á henni er einnig að finna í tillögum prófanefndar að nýrri reglugerð fyrir radióamatöra, sem eru til skoðunar hjá Póst og Fjarskiptastofnun og vonandi líkur þeim athugun með jákvæðri niðurstöðu fyrir amatöra, sem fyrst.

En hvað getum við gert fleira til að vekja áhugann hjá þeim sem tekið hafa próf en ekki farið í loftið? Hvernig væri til dæmis að hafa eitt fimmtudagskvöld í mánuði sérlega ætlað nýjum amatörum og þeim sem áhuga hafa fyrir amatörradíói. Þar gætu þeir sem lengra eru komir miðlað af vísu sinni í stað þess að sitja út í horni og tala hverjir við aðra eins og ég hef staðið sjálfan mig að því að gera þá sjaldan ég kem í félagsheimilið. Það mætti til dæmis bjóða nýjum amatörum og öðru áhugasömu fólki fría aðild að félaginu í eitt ár til að viðkomandi geti kynnt sér hvað félagið og áhugamálið bíður uppá og þar með ákveðið hvort þetta sé eitthvað sem vert er að taka þátt í. Fleira mætti örugglega upp telja en það er með þetta eins og annað að allt starf félagsins stendur og fellur með þátttöku sem flestra félagsmanna.

Framhald á bls. 14

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Núna hafa menn vonandi lokið uppsetningum á loftnetum sínum eða gert við það sem aflaga fór á síðasta vetri og taka síðan til við DX-inn eða hvað það er sem þeir hafa mestan áhuga á.

Getur verið að einhverjir vilji taka að sér að sjá um námskeið fyrir verðandi amatöra? Það er þannig að ég hef gengið á milli manna og næstum því grátbeðið þá um að taka að sér þetta verkefni en því miður ekki fengið jákvæð viðbrögð frá neinum nema Radíóskátum sem etv. hafa áhuga á því að takast á við þetta verkefni.

Ég hef á stundum talað um amatöra og þjónustu sem þeir ættu að inna af hendi við samfélagið en aldrei fengið nein viðbrögð. Getur verið að við séum svo sinnulausir um þennan þátt amatöra, eða les kannski enginn þessar hugleiðingar mínar? Hið síðara gerir ekkert til en að við séum sinnulausir um þjónustuhlutverk okkar er slæmt. Svo slæmt að við ættum í raun að skila inn leyfisbréfum okkar... Mér finnst að við ættum að taka okkur tak í þessum málum.

Etv. eru þessar hugleiðingar mínar í beinu framhaldi af jarðhræringunum sem voru í júní sl. en drjúgum hluta þess tíma voru nokkrir amatörar við vinnu í stjórnstöð Almannavarna ríkisins en mér er ekki kunnugt um að aðrir amatörar hafi haft samband og boðið fram aðstoð sína. Reyndar var símkerfið í lagi en maður veit jú aldrei.

Vetrarstarf félagsins er að hefjast með tilheyrandi brambolti, contestum um helgar og etv. einhverjum fræðslu eða skemmtikvöldum. Ef þið lumið á einhverju þá hafið samband við Bjarna TF3GB.

Eitt af því sem leiðir af nýjum reglum (cept) er að núna vitum við sjaldan um þá sem koma hingað á TF land með amatörastöðvar og hafa etv. nokkur þúsund sambönd og það eina sem gerist er að QSL buro fær slatta af kortum til afgreiðslu og er þar nokkur vandi á höndum og kostnaður fyrir okkur. Eigum við að senda þau til baka eða til viðkomandi? Allt kostar það peninga en þá eigum við ekki nema takmarkað.

Einn góður gestur (meðal margra) Ole Garpested kom og heimsótti okkur en hann er í forsvari fyrir NRRL og sá t.d. um síðustu amatöraráðstefnu í

Noregi. Ole hefur boðist til þess að vera okkur innan handar vegna NRAU fundarins hér eftir 2 ár. Undirbúningur að okkar hálfu er að komast í gang en við verðum að gera okkur grein fyrir hversu gríðarlegt verkefni þetta er fyrir okkur.

Þegar þetta er skrifað er ekkert vitað um hús-næðismálin en okkur hefur amk. ekki verið sagt upp húsaleigusamningi. En það getur eins gerst á morgun. Radíóskátum var gert að færa sig um set, því að húsnaðið sem þeir höfðu var selt. Þeir fengu inni í skátaheimili í Mosfellsbæ.

73 de TF3HP



Bjarni Sverrisson TF3GB átti fimmtugs afmæli fyrir nokkru. Til Hamingju Bjarni

TF3EZX og **TF5BW** höfðu samband á 2m um daginn. Hvað er svo sérstakt við það? Jú TF3EZX var austur á Gagnheiði í bílnum sínum með 25w stöð og TF5BW var heima hjá sér á Akureyri og samtalið fór fram í gegnum endurvarpann Tóta á Vaðlaheiði.

Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Stjórnarfundur haldinn 15. 6. 2000 í Próttheimum kl 21:00

TF3HP, TF3WOT, TF3TXT, TF3GB og TF3VS mættir.

1. Formaður býður fundarmenn velkomna á fyrsta

stjórnarfund eftir aðalfund. Fyrsta mál fundarins er að skipta verkum meðal stjórnarmanna. Formaður reifaði gagnrýni síðasta aðalfundar á störf stjórnar, sér í lagi vegna innheimtu félagsgjalda og vanhöld á að fella langskulduga menn úr félagatali. Lagði hann til að TF3WOT yrði gjaldkeri áfram, TF3VS ritari áfram en TF3GB yrði varaformaður og TF3TXT meðstjórmandi sem fengi jafnframt það sérstaka hlutverk fyrst um sinn að aðstoða gjaldkera við hreinsun félagatalsins og við öflun fjár til félagsins. Tillaga formanns var samþykkt einum rómi.

2. Rætt um nefnd til undirbúnings formannaráðstefnu NRAU árið 2002, en ekki er seinna vænna að hefja undirbúning hennar. Leita þarf til þeirra félaga sem talið er að hafi reynslu og þekkingu er mætti nýttast í þessu sambandi og voru ýmsir nefndir. Var ákveðið að rita þeim bréf og mælast til að þeir taki þátt í þessu verkefni.

3. Rætt um námskeiðsmál, en nokkur vonbrigði eru meðal stjórnarmanna um það hvernig til hefur tekist að undanförmu. Ýmsar leiðir voru ræddar og afráðið að taka málið föstum tókum með haustinu.

4. Fram kom að listamennirnir Valborg Ingólfssdóttir og Maria Duncar hafa leitað til félagsins til að fá aðstoð. Tengist það listaverki sem þær eru með í undirbúningi og verður sýnt sem samvinnuverkefni menningarborganna Reykjavíkur og Helsinki síðar í sumar. Úr listaverkinu, sem ber nafnið 'Picnic Science' eiga að heyrast morshljóð. TF3VS hefur tekið að sér aðstoð við þær stöllur.

5. Formaður greindi frá þátttöku radíóamatöra í æfingunni Samverði 2000, en hún var veruleg. Taldi hann að ekki kæmi nægilega skírt fram í fjölmiðlum og í stjórnkerfinu hve þáttur amatöra væri mikill og mikilvægur.

Fundi lokið kl. 22:30

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur haldinn í Próttheimum 10.8.2000.

Er þetta annar stjórnarfundur frá aðalfundi, fundur í júlí féll niður vegna sumarleyfa og annarra anna. Mættir voru TF3HP, TF3TXT og TF3VS. TF3GB var erlendis. Formaður setti ekki fund meðan TF3WOT væri ekki mættur, en hann kom síðan kl. 21:45.

1. Formaður hóf máls á því að lýsa yfir óánægju með framkvæmd á innheimtu félagsgjalda, en giróseðill hefur nýlega verið sendur án þess að félögum hafi verið gefinn kostur á að láta taka félagsgjaldið af korti eins og mælt var til á síðasta (og næst síðasta) aðalfundi. Gjaldkeri kvaðst hafa gefið bankanum fyrirmæli um að senda út giróseðla, fyrst og fremst vegna þess að bankinn hafði áður sent út seðla; Var það fyrir aðalfund og voru þeir því með röngu félagsgjaldi. Þetta væri einskona leiðrétting. Urðu af þessu heitar umræður en að lokum var gjaldkera falið að hafa samband við félagsmenn, t.d. með tölvupósti og auglýsingu í CQTF þar sem þeim yrði gefinn kostur á að greiða félagsgjaldið með kortafærslu. Var það samþykkt samhljóða.

2. Ole Garpested var staddur á landinu og kom hann nú á fundinn ásamt TF3KB. Ole sá um síðasta formannafund sem haldinn var í Noregi. Sagði hann frá ýmsu sem þyrfti að hafa í huga við undirbúnings næsta fundar og upplýsti ýmislegt sem spurt var um. M.a. kom fram að opinbert tungumál fundanna væri enska. Hann lagði áherslu á að fundarstjórn og fundarritun yrði að vera í nánú samráði og samvinnu við Finna, sem hafa formennskuna á hendi. Mælti hann með að ÍRA einbeitti sér fyrst og fremst að skipulagi og undirbúningi en Finnar yrðu látnir sjá um framkvæmd fundanna að mestu. Gerðu menn góðan róm að máli hans og þökuðu aðstoð, en Ole ítrekaði að hann myndi vera félaginu innan handar eins og hann hefði tók á við undirbúninginn.

Fundi var slitið kl. 22:20

Fundargerð ritaði TF3VS

4W6MM

Þorvaldur Stefánsson 4W6MM/TF1MM

Ég setti C3S yagann upp nýlega í nýju mastri uppi í 75 metra hæð. Það var ekki tekið út með sældinni að koma þessu upp, hávaðarok og 4 fösud array fyrir í turninum. Ég nota heliax til að fæða loftnetið og nú er ekkert QRN eins og áður. Ég fann orsökina. Það reyndust vera skrúfuhausarnir á boltunum, sem fæðilínan er tengd með við elementíð, hafði verið sett ranglega undir bómuna, og skrúfuhausarnir voru 1 mm frá bómu bracketinu. Þar var svartur blettur og augljóst að hafði neistað hraustlega sennilega bæði vind statik og einnig á tx toppum. Menn sögðu mér að það virtist vera smá RF á sendingunni hjá mér og það ætti ekki að vera lengur.

Búinn að hafa 18000+ qso núna og nú byrjar gamanið fyrir alvöru. Beamið í stefnu á JA ætti að virka betur á TF heldur en meðan það var á US

Kveðja Þorvaldur

Íslenskir Amatörar á ferð í OZ landi Laugardagur 12 Ágúst 2000

Vaknaði eldsnemma til að hitta íslenska radióamatöra og fara með þeim á radióamatöraflóamarkað (e. hamfest) hjá amatøraklúbbnum í Frederikssund.

Ég hitti Fritz (TF3CC), Sigfús (LA0BX) og konu hans Guðrúnu (LB0B) kl. 10 í morgun á lestarstöðinni í Frederikssund. Þetta þýddi að ég varð að vakna kl. 8 og ná lestinni kl. 9. Ekki það auðveldasta eftir fjór gærdagsins en hafðist þó. Fritz tók á móti mér og svo tóltum við yfir í bíl Sigfúsar og Guðrúnar. Eftir smá kortalestur og leit fundum við flóamarkaðinn. Á staðnum voru svona 50-100 amatörar (eða fleiri) og um 10 manns að selja. Flest dótið til sölu virtist óttalegt drasl og ég hugsa að flestir hafi bara verið að taka til í lagernum sínum (ruslakompa heitir lager hjá radióamatörum :-). Einstaka nýtilegt dót mátti sjá inn á milli s.s. standbylgjumæla og stillanlega "air-variable" þetta. Allt var samt of dýrt fyrir fátæka námsmenn :) Eina sem við keyptum voru pylsur og Pepsi (í boði Sigfúsar - takk!). Fritz og Sigfús reyndu að ná sambandi við íslenska amatöra úr klúbbstöðinni þeirra í Frederikssund en það gekk hálf illa. Þeir reyndu um kl. 11 að dönskum tíma. Þá var klukkan auðvitað bara 9 á Íslandi. Nútímaaðferðir voru þá notaðar til að koma íslenskum amatörum að stöðvunum sínum. GSM síminn gaf miklu betra samband til Íslands en fleirihundruð wött og 3 elementa beam loftnet! Hihi á amatöragræjumnar :) Uppúr 12 höfðum við fengið nóg



af flóamarkaðnum og héldum inn til Kaupmannahafnar. Þar ætluðum við að reyna að skoða safn danskra amatöra sem er í húsi Kaupmannahafnardeildar. Þar var enginn við. Það þýddi líka að Sigfús og Fritz komust ekki í talstöð til að hafa samband við íslenska amatöra kl 14:00 eins og stefnt hafði verið á. Í staðin fórum við á Frihedsmusseet sem er safn um hertöku Þjóðverja á Danmörku í seinni heimstyrjöldinni. Þar var nefnilega verið að starfrækja stöðina OZ5MAY. Hún er rekin á 40m tæki sem er nákvæm eftirmynd af þeim tækjum sem andspyrnuhreyfingin í Danmörku notaði til að hafa samband við England. Þar mátti líka sjá þá talstöð sem bandamenn sendu andspyrnuhreyfingunni. Hún var í ferðatösku og þótti allt of klunnaleg. Því tóku einhverjir danskir amatörar sig til og byggðu nýjar stöðvar handa andspyrnuhreyfingunni. Þær mátti hafa í venjulegri tösku yfir öxlina eins og voru algengar þá og þær vöktu því minni grunsemdir. Á svona stöð er OZ5MAY rekin (5. maí er dagurinn sem Danmörk var frelsuð). Sendirinn er krystalstýrður (þeir eiga ótrúlega hrúgu af kristöllum fyrir 40m bandið) og viðtækið heyrðist mér vera "direct conversion" viðtæki. Við notuðum líka tækifærið og skoðuðum allt safnið. Það var mjög áhugavert. Eftir safnferðina skutluðu þau mér heim. Takk fyrir daginn!
Hrafnkell TF3HR

Enn um Morse

Philip B. Lazar K9PL

Nú þegar fjaðrafokinu út af leyfisbreytingunum hefur slotað aðeins, langar mig til að tjá mig aðeins um grundvallaratriði Morse í Amatörradíói. Þó við leggjum til hliðar allar angurværar skoðanir um Morse í sögu Amatörradíós, þá eru það hin hagnýtu not af þessari mótunaraðferð sem gera það að verkum að hún er enn fremst í hugum margra HF Amatöra.

Ef ein af ástæðum þess að breyta leyfisuppbyggingunni var að auka við fjölda núverandi HF Amatöra, þarf að mæta náttúrulegum kröfum þessara tíðnisviða til að hægt sé að nota þau giftusamlega. Starfræksla Amatörstöðva á stuttbylgjutíðnunum þarfnast, á sendi endanum, skilvirkt loftnet og nægt afl til að ná og hafa samband. Þó að fleiri Bandaríkjamenn búi nú í einbýlishúsum en áður var þá eru mörg þessara húsa í samfélögum þar sem uppsetning loftneta er mjög takmörkuð ef ekki bönnuð með öllu. Til viðbótar þá eru ekki allir Amatörar, sem eru svo lánsamir að búa í samfélögum þar sem ekki eru takmarkanir á loftnetuppsetningum, sem hafa fjárráð, fjölskylduáðstæður eða löngun til að setja upp stór loftnet eða turna. Hvernig fer þá hinn nýslegni HF Amatör að því að nýt hin nýfegnu réttindi sem leyfið hans gefur honum.

Einföld víra-, laumu- eða innanhúss loftnet eru venjulega lausnin á þessum vandamálum. Öll þessi loftnet virka og munu gefa þér öll þau sambönd sem þú hefur tíma til að hafa. Hinsvegar, af heilsu- og öryggisástæðum, þurfa þeir, sem nota laumu- og sérstaklega innanhússloftnet venjulega að nota eins lítið afl og mögulegt er. Leynileg starfræksla þeirra sem nota laumuloftnet mun fljótlega koma í ljós vegna sjónvarpstruflana og aðeins sá fífldjarfi mun fara í loftið nálægt innanhússloftneti með þó ekki væri nema smá RF affli.

Það er til lausn fyrir þá Amatöra sem ekki hafa draumaaðstöðu til að fara í loftið. Sú lausn, sem að eigin vali eða þörf, þarfnast lítills RF afls er Morse.

Elsta mótun Amatörradíós (að neistanum slepptum) er til hagsbóta fyrir jafnvel nýjustu Amatörana. Morse krefst ekki nýjustu og möguleikamestu (les. dýrustu) tækjanna sem fáanleg eru heldur duga einföldustu tæki til verksins. Ég hef, á undanförunum 24 árum, haft sambönd við Amatöra með allt frá QRP íhluta tækjum og áratuga gömlum báta akkerum til rán-

dýrra nýmóðins tækja og þú finnur ekki muninn í móttökunni.

Meirhluti þeirra amatöra sem ég hef haft samband við á Morse nýta ekki það hámarksafl, sem tæki þeirra bjóða uppá. Þetta þýðir færri truflanavandamál, lengri líftíma tækjanna og lægri rafmagnsreikninga. Stærsti kosturinn við Morse, eins og reynslumeiri Amatörar munu segja þér, er meiri stöðugleiki í starfrækslu. Morse nær miklu oftari í gegn en SSB. Fyrir veikt merki og merki sem er á takmörkum þess að ná á hávaðasömum þéttsetnum tíðnum gerir Morse möguleg sambönd sem ekki næðust á tali. Morse mótunin er, fyrir marga Amatöra, eina mótunin sem gerir þeim kleift að fara í loftið og vera virkir í Amatörradíósamfélaginu.

Annar kostur, sem jafnvel stuðningsmenn Morse minnst ekki oft á og er til þæginda og friðsemdar fyrir annað heimilisfólk, er að ef notuð eru heymartól er Morse hljóðlaus mótun. Það er hægt að vera heila helgi í keppni á morsi jafnvel þó allir aðrir séu sofandi því það heyrir enginn í þér. Prófaðu hversu hljóðlaus þú ert, galandi kallmerkið þitt og merkisstyrkleika inn í hljóðnema við sömu aðstæður.

Allar mótunartegundir sem við Amatörradíóleyfshafar fáum eiga skilið það tíðnisvið sem þeim er úthlutað og allar hafa þær sína málsvara og áhangendur. Prófaðu Morse. Það kostar ekki mikið í útlögðum peningum og þarfnast ekki íburðarmikillar uppsetningar en ágóðinn og ánægjan sem það veitir mun koma þér þægilega á óvart.

Ritstjóri rakst á þessa grein á Internetinu á slóðinni <http://www.eham.net/articles/> og fannst hún nokkuð góð. Þess vegna kemur hún hér. Þýðingin mætti örugglega vera betri enn látum slag standa.

Áhugaverðar Internetslóðir.

<http://www.eham.net/> og <http://amateurradio.start4all.com/> Á þessum slóðum er að finna allskonar efni fyrir Radíóamatöra. Nefnu það og það er þarna. Á <http://www.eham.net/exams/> eru bandarísk Amatörpróf sem hægt er að spreyta sig á og hægt er að fá niðurstöðurnar strax. Þetta eru samskonar próð og þú mundir fara í ef þú tækir próf hjá FCC. Ég prófaði bæði Tækni og General leyfi. Stóð Tæknileyfið með glans en skítféll á General leyfinu.

Ritstjóri

TF7RX í IOTA Contest frá Vestmannaeyjum

Ólafur Ólafsson TF3MLT



Við, TF8GX og TF3MLT, fórum til Vestmannaeyja föstudaginn 28 júlí hlaðnir tækjum og vorum komnir þangað um kl 22. Við hófumst strax handa við að setja upp loftnetin við skátaheimilið sem við fengum aðstöðu í, og í þetta sinn vorum við með 3ja banda 10,15 og 20 2 elementa Quad og líka 3 elementa 3ja banda yagi.



Við vorum búnir að reisa mastrið og setja upp loftnetið um kl 04 um nóttina.

Morgunin eftir vöknudum við kl 10 og fengum okkur að borða mjög hollan og góðan morgunmat. Svo var



hafist handa við að tengja tækin og setja plögga á kapla. Við vorum með eftirtalin tæki: ICOM IC 746, MFJ 986 tuner, AMERITRON AL-80B amplifíer, HELI hc4 headset, FUJITSU 450 mhz Laptop tölvu, YAESU rotor og YAESU FT 90 R

Þegar klukkan var að verða 12 á hádegi þá var allt tilbúið og keppnin að byrja. Okkur gekk bara vel um daginn og fram á nótt en þá fórum við að þreytast aðeins og hvíldum okkur til skiptist alla nóttina og fram á morgun en þá var aftur sett harka í málin og á hádegi á sunnudag var contestinum lokið og við enduðum með 1650 QSO og yfir milljón púnkta. Við höfðum samband við nokkra íslenska amátóra á vhf, náðum bæði Bláfjalla endurvarpanum og Skálafelli. Við töluðum við TF3FK, TF3GC, TF3WOT/2, TF3KET og fleiri.


Það voru þreyttir félagar sem fóru með Herjólfu til Þorlákshafnar kl 16 á sunnudag en staðráðnir í að fara aftur næsta ár og gera betur.

73 de TF3MLT

Ýmis Loggforrit

Brynjólfrur Jónsson TF5BW

Í ágúst blaði RadCom er að finna úttekt á nokkrum tölvuloggbókum sem Richard Newstead, G3CWI hefur gert. Hér á eftir fer ákaflega lauslegur úrdráttur úr þessari úttekt.




TURBOLOG.

Þó að TurboLog sé dos forrit hefur það mjög þróað valmyndakerfi og gefur tilfinningu fyrir að þetta sé gæðaframleiðsla. Fljótlegt var að komast í kynni við flesta möguleika sem forritið býður upp á með hjálp ágættra notendaleiðbeininga.


Loggmyndin er ákaflega vel hugsuð og skýr, jafnvel á einslita skjá.

Forritið býður upp á ýmsa möguleika m.a. DX Cluster og Morse sendingar. Einn galli er þó á Morse sendingum en hann er sá að þú sérð ekki á skjánum það sem þú skrifar á lykklaborðið. Vefsíða <http://www.TurboLog.de>



SHACKLOG.

ShackLog er einnig dos forrit og hefur frekar einfalt notenda viðmót. Í notkun notar það mikið allskonar function lykla sem virkar frekar óaðlaðandi og t.d. á einum skjá þarf að fara milli dálka með function lykli en ekki tab lykli ens og flestir eru vanir að nota. Aðal möguleikarnir eru sýndir á skjánum þannig að tiltölulega auðvelt er að finna þann rétta (eftir að hafa lent á röngum first). Eftir nokkra notkun var þó tiltölulega auðvelt að nota forritið. ShackLog kemur ekki með




neinum innbyggðum landagagnagrunni og þarf notandinn að setja þessar upplýsingar inn sjálfur jafnóðum og haft er samband við hvert land og er þetta stór galli á forritinu. Forritið býður þó upp á ýmsa möguleika eins og t.d. DX Cluster. Vefsíða ShackLog er <http://www.SHACKLOG.co.uk>

Log-EQF.

Log EQF hefur þokkalega einfalt notenda viðmót sem keyrir forrit sem er þjappað


af möguleikum. Það hefur stuðning fyrir mús og ágætan stuðning fyrir keppnir og Dxpeditons og munu flestir notendur ekki þurfa annan hugbúnað til þeirra hluta.

forritið býður uppá ýmsa möguleika eins og t.d. packet, DX Cluster, Morse sendingar og fleira. Þó ekki sé það teið fram þá læðist að mér sá grunur að þetta sé dos forrit. Vefsíða Log-EQF er <http://www.itis.net/eqf>



DX4WIN.

Eins og nafnið gefur til kynna þá er DX4WIN Windows forrit. Það býður uppá ýmsa möguleika í skjáuppsetningu. Það er auðvelt í notkun og fullt af möguleikum. Því fylgja 128 bls. notendaleiðbeiningar sem hægt er að prenta út og er það vel pappírsins virði að gera það. Forritið býður meðal annars uppá DX Cluster, Morse sendingar og fleira og fleira og er sjón sögu ríkarí. Vefsíða DX4WIN er <http://www.dx4win.com>



StationMaster.

Þetta er líka Windows forrit. Það var auðvelt í notkun með hjálp notendaleiðbeininga sem fylgja á Word og PDF formi. Fyrir utan alla venjulega möguleika eru einn eða tveir möguleikar sem ekki eru í öðrum forritum. Innbyggð skilyrðaspá þar sem hægt er að sjá hæstu og lægst mögulega tíðni til allra staða. Þetta er eina forritið sem býður upp á net starfrækslu. Hafandi í huga hvað mörg et eru í gangi er undarlegt að þetta sé ekki möguleiki í fleiri forritum. Loggurinn og landagagnagrunnur er geymdur

í Microsoft Access skrá sem gerir allar breytingar mjög auðveldar með Access eða innbyggðum möguleika. Vefsíða StationMaster er <http://www.fbsltd.demon.co.uk>

Öll bjóða þessi forrit upp á ýmsa möguleika í út- og innflutningi á upplýsingum, awarda möguleikum, tengingu við kallbækur, Contest Mode, Morse sendingu, Packet sending og fleira og fleira. Nánari upplýsingar er að finna í áður nefndri grein í RadCom og á vefsíðum forritana. Tafla yfir ýmsa möguleika forritana er á næstu síðu

Heimild RadCom.

	TurboLog	SHACKLOG	Log-EQF	DX4WIN	StationMaster
Vefsíða	J	J	J	J	J
Útgáfa	3.17a	5.2.01	9.12	4.05	1.20
Verð	180DM	£32	\$49.50	\$89.95	£58.75
Kerfi	DOS	DOS	DOS	WIN95/98/2000/NT	WIN95/98
Lágmarks PC	286 (mælt með 386)	286	286	486DX66	486DX50
Framl. Land	UK/Þýskal.	UK	USA	USA	UK
Músar stuðningur	J	N	J	J	J
CW+Lyklaborð	J	N	J	J	J
DX Cluster	J	J	J	J	J
Packet TNC stuðn.	J	J	J	J	J
Stefna frá Grid ref.	J	N	J	J	J
Rótor Stuðningur	N	N	J	J	N
Net Starfræksla	N	N	N	N	J
Inn/útflytningur gagna	J	J	J	J	J
RTTY/Amtor Stuðn.	J	J	N	J	J
DVK Stuðningur	J	N	N	N	J
Contest Mode	J	J	J	J	J
Landa upplýsingar	Innb/breytanl	Búnar til af notanda	Innb/breytanl	Innb/breytanl	Access gagnagr.
QSL Stuðningur	J	J	J	J	J
Rig Control	J	J	J	J	J
Kallbókar CD Stuðn.	J	J	J	J	J
Award stuðningur	J	J	J	J	J
DX Cluster snoop mode	J	J	J	J	J
SWL Mode	N	J	N	J	N

Bananatruflanir.

Eftirfarandi saga er úr loftinu hér á skerinu. Tveir félagar okkar voru að spjalla saman á 80 metrunum um daginn. Var náttúrulega rætt um skilyrðin svo og ýmis mál er koma við veðrinu svo og önnur dagleg málefni. Sagði þá annar að hann væri með truflanir uppá S9, en það væri nú yfirleitt ekki svo mikið um truflanir hjá honum. Nú þeir héldu áfram að spjalla og var tíðrætt um truflanir á bandinu, enda hafa þær verið talsverðar eins og þeir vita sem hafa komið við. Nú, þessum með truflanirnar fannst það talsvert skrytið þegar að truflanirnar hjá honum dattu allt í einu niður í S5 og ruku svo jafnharðan aftur í S9. Eitthvað hafði hann heyrt einhvern nið úr eldhúsinu og hafði farið að kíkja hvað um væri að vera, kom aftur í loftið að tjá viðmælandanum að þessar truflanir ættu sér eðlilegar skýringar: Konan væri með hrærivélina í gangi og væri að baka BANANabraud. Viðmælandinn var fljótur til svara og sagði: Nú, eru þetta þá ekki BANANatruflanir.

QSL kortaprentun

Ef næg þátttaka fæst verða aftur prentuð QSL kort fyrir veturinn.

Kortin eru prentuð í lit, öðru megin og geta t.d. verið með ljósmynd auk textans.

Kostnaður fer að nokkru eftir þátttöku, en fer varla undir 7500 kr skammturinn (2000 kort) og ekki yfir 10.000.

Þeir sem hafa áhuga hafi samband við TF3VS, t.d. með tölvupósti í tf3vs@amsat.org

Til sölu

YAESU stuttbylgju viðtæki FRG-7000 árgerð 1980. Þeir sem hafa áhuga á tækinu vinsamlega gerið mér undirrituðum tilboð. Tækið fæst á hagstæðu verði.

Bjarni Magnússon TF3BM

Melbæ 5, 110 Reykjavík. Sími 557- 5653.

R þýðir >ALLT< rétt móttakið

Kristján Benediktsson TF3KB



Þessvegna á að nota R aðeins þegar allt er rétt móttakið. Ef ekki er allt rétt móttakið, þá sendir maður: PART OK, MOST OK, MOST LOST, SRI NIL eða annað, sem við á. Hversvegna skyldu menn þá senda R án þess að hafa náð öllu? Rót þess er sennilega að finna í óöryggi. Þetta verður að aðferð til að tapa ekki andlitinu. Gallinn er bara sá, að þessi aðferð leiðir ekki til árangurs. Mótaðilinn sér yfirleitt í gegnum þetta, þegar nánar er ræðst við, og hvað skyldi þá verða um andlitið? Það er engin skömm að því, að missa eitthvað niður úr sendingu og biðja um endurtekningu. Góður “operator” notar skammstafanir rétt. Það kemur í veg fyrir óþarfa misskilning. Hann sendir t.d. ekki QRM þegar hann meinar QRS. Misnotkun á R getur komið sér illa, þegar koma þarf skilaboðum milli stöðva. Sé R notað í stað MOST OK, getur verið, að einmitt mikilvægasti hluti skilaboðanna hafi tapast og það án þess að nokkur viti. Vegna þessarar útvötnuðu notkunar R er gjarnan notað CFM eða QSL, til að leggja áherslu á að allt sé rétt móttakið.

Hinum alþjóðlegu Q-skammstöfunum var í upphafi ætlað það hlutverk, að greiða fyrir morse-viðskiptum. Þetta gerðu þær vel og gera enn þann dag í dag. Þær eru stuttar og merking þeirra er sú sama, hvar sem er og hvaða tungumál sem talað er. En þar með er ekki öll sagan sögð. Q-skammstafanirnar bærust inn í talmálið, þótt þær væru í rauninni óþarfar þar. Merkingin hliðraðist og þær fengu tilhneigingu til að fá merkingu eins orðs, í stað heillar setningar eins og upphaflega stóð til. Í reynd getur því ein Q-skammstöfun haft fleiri en eina merkingu þótt líkar séu. Verður að sjá af samhenginu í hvert sinn hver merkingin er. Þetta er nauðsynlegt að vita til að geta fylgst með í viðskiptum á amatörböndunum.

QSL þýðir upphaflega: “Gef yður kvittun fyrir móttökunni”, og loftskammtamenn nota það til að staðfesta að skeyti sé rétt móttakið. Kvittunin fer fram í loftinu. Hjá amatörum hefur QSL oftast merkinguna: “Skrifleg kvittun fyrir samband”, eða QSL-kort. Hin upphaflega merking þekkist þó líka og er notuð, þegar þarf að leggja áherslu á að einhver skilaboð séu rétt móttakin eins og fram kom hér á undan. Þetta er algengt í “Contestum”.

QSO þýðir upphaflega: “Ég get skipt við ..(Kallmerki).... beint (eða með aðstoð ..(Kallmerki)..” Meðal amatöra stendur QSO nær eingöngu fyrir orðið “samband”, eða álíka t.d. “að hafa samband”, “ég hef samband”, “hafðu samband”, eða því um líkt, þegar samband er gott, geta menn talað lengi saman og engin vandræði, enginn efast um, að un QSO sé að ræða. Þegar skilyrði eru slæm, getur hins vegar stundum verið vafamál hvað er samband og hvað er ekki samband. Var þetta QSO eða ekki? Á ég að senda QSL-kort eða ekki? Á ég kannski að biðja og sjá hvort hann sendir mér kort? Þessar spurningar geta gerst áleitnar.

Ráðstefnan sem haldin var í “IARU Region 1” í Malmö 1963 mælti með eftirfarandi skilgreiningu, og er hún yfirleitt notuð, þegar á þetta reynir t.d. þegar haft er samband í “contestum”, í “meteor scatter”, gegnum Oscar gervitunglin eða öðruvísi. Til að teljast QSO verða eftirfarandi lágmarksviðskipti að eiga sér stað:

1. Báðir nái kallmerki stöðvarinnar, sem skipt er við, réttu.
2. Báðir nái RST eða RS, sem sent er til þeirra.
3. Báðir nái staðfestingu hinnar stöðvarinnar á að hún hafi náð nr. 1 og nr. 2 réttu.

Sem sagt, senda verður staðfestingu, og einnig ná henni

til baka. Ef þetta eina litla R eða CFM eða QSL, sem hýðir allt rétt móttakið, vantar frá stöðinni sem skipt er við, þá telst það ekki QSO. Þá gæti nefnilega hinn aðilinn hreinlega engu hafa náð, og það er ekki nógu hagstætt að standa upp frá tækjunum án þess að hafa hugmynd um, hvort maður hafði QSO eða ekki.

TF3KB

Grein þessi byrtist fyrst í CQ TF 1. tölublaði 1975 og ég held að hún eigi ekki síður erindi til okkar nú en þá.

Ritstjóri.


OG SVO VAR ÞAÐ MAÐURINN,

— sem kallaði CQ DOG X-RAY, eða skyldi það hafa verið SEEK YOU DOG X-RAY. Hann fékk senda röntgenmynd af hundi í pósti.


— sem sá kallmerkið sitt á listanum yfir SILENT KEYS, þótt hann væri ennþá í fullu fjöri. “Að þetta skyldi nú þurfa að koma fyrir mig”, sagði hann og andvarpaði, “ég, sem hef alltaf verið fón-maður”.

QRP TOKYO FERÐ 2000

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK



Undirritaður verður með þeim síðustu að halda að Radíóamatörar, og þá sérstaklega QRP menn, séu venjulegt fólk, þessu til sönnunar var ferð sem við fórum fjórir til Tokyo í maí s.l. Fjórum okkar í QRP grúppunni hérna í Calgary gafst kostur á að fara til Japan og vera þrjár nætur í Tokyo og ekki var verra að einn okkar, Tom Ohba (VE6OBA) er fæddur og uppalinn í landinu, því það eina sem við



Loftnetsskógur í japanskri Amatör verslun.

hinir gátum lesið voru tölustafir og orðaforðinn takmarkaður við Yaesu, Icom, Honda, Suzuki og Kawasaki sem ekki dugir langt í almennum samræðum við þarlanda.

Ætlunin var að kynna Tokyo borg og þá sérstaklega þeim hluta sem kallaður er "Electric City" eða Akihabara eins og þarlandir segja. Það vakti strax athygli okkar í lestinni á leiðinni frá flugvelli til borgarinnar hve pláss er vel nýtt og er ekki einn einasti smá blettur látinn ónotaður. Þar sem pláss sem ekki var notað undir hús eða vegi voru ræktuð hrísgrjón og var gróðursett út í bláhorn. Þegar nær dró borginni urðu hrísgrjónakramir færri og jafnframt minni en húsin fleiri og hærri. Lestarkerfið sem liggur um borgina þvera og endilanga er mjög vel skipulagt og vildi svo vel til að okkar næturstaður var í sama húsi og ein lestarstöðin nema hvað við vorum á 18 hæð.

Það var mikill munur að ferðast með innfæddum

og upplifðum við staði sem venjulegir ferðamenn koma ekki til, einnig ákváðum við að borða eins og Tokyo búar og var oft sem kom skritinn svipur á mannskapinn og var beðið með að spyrja hvað hefði verið í matinn þangað til eftir á.

Þar sem fjórir Radíó Amatörar eru saman á ferðalagi er náttúrulega skimað eftir HF loftnetum og virtist mest um lóðréttar loftnetsstangir og "V" dípóla með gildrum, einnig var samsvarandi skammtur af VHF og UHF loftnetum ásamt óskilgreindum loftnetum sem fylgja stórborgum.

Það glitti í eitt og eitt Amatörmastur með "Yaga" enda er það loftnet ættað frá Japan í upphafi.

Samkvæmt ráðum Tom vorum við ekki á ferðinni í lestunum á annatíma en fólksfjöldinn sem streymir út á göturnar er yfirþyrmandi og er gott að við vorum allir (nema Tom) vel yfir meðal hæð landsmanna og því erfiðara að missa hvor af öðrum. Þegar við vorum búnir að skoða helstu byggingar og þess háttar sem fylgir því að vera túristi var komið við í Sony húsinu og er þar á mörgum hæðum, þar má sjá og fikta við allt það nýjasta og besta sem Sony hefur á boðstólum. Var ekki laust við að mannskapurinn væri kominn nærri mettun þegar út var komið og þarf þó nokkuð til, saknaði ég þess að Sony hefur ekki haft

fyrir því að sýna eigin sögu t.d. með gömlum tækjum og þess háttar. Íslendingar eru langt komnir í farsíma málum en ég held að Japanir slái þeim út hvað



þetta varðar og er varla sú mannhæða (þetta eru reyndar yngra fólk) sem ekki er með símann við eyrað eða að lesa skilaboð (SMS?). Það má sjá



Russ (VE6CGO) og Harold (VE6HFW) skoða spenna.

langa rekka af sínum í búðum og út á götu líka. Í "Electric City" er að finna mesta fjölda af raf-eindatækja verslunum á

sama stað í Tokyo og getur maður ráfað dögum saman um hæð eftir hæð í hverri versluninni á fætur annari. Gladdi það okkar gömlu hjörtu að sjá aragrúa af lampamögnurum í hljómtækjaverslunum og einnig virðist gamli góði grammófónninn vera að koma aftur. Hægt er að kaupa lampamagnarana tilbúna og einnig sem "kit" og voru nokkrar verslanir sem sérhæfðu sig í íhlutum fyrir lampamagnara. Það sem við vorum á höttunum eftir voru fjórar Amatöra verslanir sem eru allar á sama svæðinu og aragrúi af íhluta "búllum" sem eru á fjölda hæðum í mörgum byggingum á litlu svæði. Þeir sem eru sinnaðir til heimasmíða verða að vara sig að fara ekki yfirum vegna þess að er eins og maður hafi komist til íhluta paradísar. Þessum stað verður ekki með orðum lýst og verða menn að upplifa þetta á eigin spýtur. Litlir básar í löngum bunum með íhluti af öllum hugsanlegum tegundum, einn aðeins með spenna allt frá litlum hljóð spennum upp í stóra fyrir þá sem eru að smíða kW línumagnara. Margir básar með þetta 1pF upp í 20000uF og stærra ef menn vilja, lampar og lampasökklar (nema 6JS6C í FT-101), tengi af öllum gerðum og stærðum.

Mótstöður, hnappar, kassar, díóður, spólur, lampar, skalar, hálfleiðarar, snúrur (jafnvel skalasnúrur) og kaplar af öllum gerðum, ótrúlegt hvað hægt er að koma miklu fyrir á sama stað.

Plássið er ekki mikið og eru menn hverjir um aðra þvera að safna saman í litla bakka það sem þá vantar og síðan rétt til verslunareigandans sem situr á kassa út í horni og stendur hálfur upp úr gati sem er varla nema 60cm á kant. Samræður í gangi um allt milli himins og jarðar (eða plús og mínus!) þar sem verið er að gefa góð ráð og spyrjast fyrir, er ekki laust við að maður haldi að nú fari vekjarinn

að hringja og draumurinn sé úti. Ekki þýðir að veifa kredit eða greiðslukorti því að í Tokyo er mest notað reiðufé. Sáum við mest eftir því að hafa ekki gert innkaupa lista yfir eitt og annað sem okkur vanhagaði um og ekki er auðvelt að fá hérna á heimaslóðum. Í Amatörabúðunum komumst við í snertingu við nýjar græjur eins og t.d. Icom 756-PRO og hafði Tom nóg að gera sem túlkur þegar við hinir gerðum atlögur að sölumönnunum með spurningum. Eins og í Evrópu eru Japanir aðeins með 144-146MHz á 2metrum (hér höfum við 144-148MHz) svo ekki létum við verða af því að kaupa handstöðvar en það var ótrúlega margt freistandi á boðstólum.

Ánægðir snérum við heim eftir þessa ævintýra ferð og komumst að því þegar komið var til Kanada aftur að vegna þess að við fórum yfir daglínuna þá



vorum við komnir heim nokkrum klukkutímum áður en við lögðum af stað!!!! Nú er viðkvæðið; bara ef ég hefði keypt þetta hjá honum Yuso þá gæti ég klárað þennan móttakara.....mannstu litlu búlluna á horninu sem seldi.....

73 frá Kanada
de Níels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK

Hugleiðingar um áhugamálið

Sveinbjörn Jónsson TF3VET



Kæru félagar nú er komið að því.

Ég hef um þó nokkurn tíma ætlað að festa niður nokkrar hugleiðingar um okkar kæra áhugamál. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það sem kemur hér á

eftir er ekki kannski við allra hæfi enda málefnið meira í ætt við trúarbrögð á meðal margra félaga og menn ekki sammála mér í öllu sem ég mun impra á í þessari grein. Ég óska bara að menn haldi sér við eðlilega umræðu, sem vill svo oft gleymast við umfjöllum um viðkvæm mál á opinberum vettvangi. Menn nota þá persónulegt skítkast og umræðu taktík sem ekkert hefur með kjarna þess máls sem um er verið að fjalla. Ég yrði mjög glaður ef einhver svaraði þessum hugleiðingum mínum þó ekki væri nema til að auka félagslega og málefnalega umræðu í okkar ástkæra blaði CQTF.

Breytingar ! Breytingar ! Breytingar !

Hversvegna Breytingar ?

Hversvega laga hluti sem eru í lagi ?

Málið er að hlutirnir eru ekki í lagi og hafa ekki verið það í langan tíma.

Mál hafa dankað og þróun í mannlegum, tæknilegum og félagslegum málefnum innan amatörhreyfingar hér á Íslandi eru langt frá því að fara saman við þá þróun sem orðin er á þjóðfélaginu og því alþjóðlega umhverfi sem við lifum í. Menn ríghalda í gamlar hugmyndir og teoríu sem virkar hreint út sagt sem akkeri á alla nýja strauma og framþróun. Maður hélt í einfaldni sinni að þegar Póstur og Sími hélt ógnar taki sínu á fjarskiptamálum á Íslandi að það væri aðal ástæðan fyrir þeirri stöðnun sem orðin var á málefnum radióamatöra á Ísland.

Nú þegar öll þessi ár eru liðin frá því að þessu ofurvaldi P&S var aflétt hafa orðið sára litlar breytingar á fyrirkomulagi, framgöngu og hugarfari þeirra sem eiga að stuðla að betri félagsskap Íslenskra radióamatöra. Menn ríghalda enn í gamlar hugmyndir og fyrirkomulag, bæði í reglugerðum og framkvæmd á málum sem snúa að leyfisveitingum. Svo eru menn stein hissa að okkur fer ekki fjölgandi og hversu lítið okkur hefur miðað í að virkja hinn

almenna félagi, bæði í loftinu sem og í félagslífi.

Oft er í félaginu okkar verið að fara í mál eins og köttur í kringum heitan graut og mál ekki rædd sem skyldi til að koma í veg fyrir að særa nú ekki einhverja sem halda að með því að veita einhvað sé verið að taka af þeim einhver réttindi.

Málið er að við erum ekki allir steypfir í sama mótið og við höfum mismunandi bakgrunn sem gerir okkur bara sterkari sem heild í samkeppninni að halda lífi í áhugamáli hefur skotið sig í fótinn. Ef við eigum að dafna og þróast í góðum farvegi verðum við að nota það frelsi sem við höfum fengið til hagsmuna fyrir alla og forðast að setja menn í flokka, þar sem mönnum er att saman þegar við þurfum virkilega að standa saman í baráttunni.

Til þeirra sem vilja stíga á bremsuna og eru hræddir við að missa spón úr sínum aski:

Þið fáið öflugara félag meira og betra félagslíf og engin mun taka af ykkur þau réttindi sem þið hafið áunnið ykkur í gömlu og úreltu skipulagi.

Ég hef grun um að þeir hlustarar og leyfishafar sem ekki hafa verið virkir í félaginu okkar komi ekki til með starfa þar á meðan félagið söðlar ekki um og breytir fyrirkomulagi og ræði alvarlega um að opna fyrir ferska vinda í félagi sem reynir leynt og ljóst með sinnuleysi og eða eginhagsmunapotí að þróast ekki til frekara frelsis, þar sem mannlegur breytileiki er viðurkenndur.

73 de TF3VET

Frá Ritstjóra frh.

Leiðrétting.

Tvær villur slæddust inn í reikninga ÍRA sem birtust í síðasta blaði. Þar sem stendur Rekstrarreikningur ársins 1998 á að sjálfsöðu að vera Rekstrarreikningur ársins 1999 og þar sem stendur Innborguð félagsgjöld (86+6) á að vera Innborguð félagsgjöld (88+6). Biðst ritstjóri afsökunar á þessum innsláttar villum sínum.

Það hefur ekki verið tekið fram hér í þessum pistli áður en skal gert nú til að fyrirbyggja misskilning að þær skoðanir og hugmyndir sem fram koma undir heitinu Frá Ritstjóra eru persónulegar skoðanir ritstjóra og hafa ekkert með stjórn félagsins að gera.

73 de TF5BW

Úr ýmsum áttum

Brynjólfrur Jónsson TF5BW

Chip Margelli,

hjá Yaesu USA, var okkur einstaklega hjálplegur þegar kom að viðgerð á klúbbstöðinni okkar. Hann sendi okkur þá hluti sem vantaði ásamt lýsingu á því sem þyrfti að gera, með hraði. Það voru síðan starfsmenn Radíóþjónustu Sigga Harðar, sem sáu um viðgerðina. Þrátt fyrir að við hefðum boðist til að greiða fyrir, þá var ekki um það talandi, enga vildi hann greiðsluna. Þegar ég spurði hvað við gætum gert fyrir hann í staðinn, nefni hann að ef við þyrftum einhvers konar amatör tækjabúnað þá væri ekki úr vegi að biðja konuna hans um tilboð, en hún er útbússtjóri hjá Ham Radio Outlet í Anaheim í Kaliforníu. Hún er með e-mail: kl7mf@dxe.com, og heitir Janet. Þrátt fyrir að þessi búð hafi brunnið til grunna í lok Janúar, þá er núna búð að endurreisa hana. Þess má að lokum geta að formaður félagsins sendi Chip ÍRA könnu sem þakklætisvott, og var hann mjög þakklátur og undrandi með sendinguna.

73 Sæli TF3AO

Skandinavísk amatörferð til Thailands.

Helgina 17. til 19. nóvember stendur SEANET (South East Asia Net) fyrir amatörráðstefnu í Pattaya í Thailandi. Pattaya er u.þ.b. 150 km. suðaustur af höfuðborg Thailands, Bangkok.

Tvete Reisebyrå AS í Þrándheimi í Noregi stendur fyrir ferð til Thailands dagana 13. til 29. nóvember 2000 þar sem gert er ráð fyrir því að heimsækja ráðstefnuna og ferðast um Thailand í leiðinni. Fararstjóri verður Stig, LA7JO.

Áhugasamir hafi samband við Stig í síma 47 72846520 eða með tölvupósti til la7jo@st.telia.no

Heimild TF8GX

Amatör ársins.

Á hverju ári útnefnir Dayton amatörradíófélagið "Amateur Radio operator of the year" sem síðan er heiðraður á Dayton amatörráðstefnunni.

Þetta árið var það góður kunningi ÍRA félaga sem varð fyrir valinu en það er einginn annar en Martti Lane, OH2BH.

Heimild World Radio

Nokkrar áhugaverðar vefsíður um morse.

<http://www.net-magic.net/users/w4fok/>

<http://www.blackcatsystems.com> (Fyrir Makka)

Morse Telegraph Club (USA)

http://members.tripod.com/morse_telegraph_club

Morsum Magnificat (England)

<http://www.morsum.demon.co.uk>

Larry Rice (Australia)

<http://www.omen.com.au/~larry>

Jon Iza (Spain)

<http://bipq10.bi.ehu.es/gente/iza/jon0.html>

PA3BWK's Ultimate CW Web Site (Holland)

<http://www.dutch.nl/wilbkw>

Fists USA (USA)

<http://www.fists.org>

MEGS (Scotland)

<http://www.joates.demon.co.uk/megs>

K3WWP's Home Page

<http://www.alltel.net/~johnshan>

Greg Raven's Telegraph Lore

<http://www.faradic.net/~Gsraven/index.shtml>

Neal McEwen's Home Page <http://>

fohnx.metronet.com/~nmcewen/tel_off.html

David Ring's Home Page

<http://www.qsl.net/n1ea>

Tony Lacy's NuMorse Home Page

<http://www.nu-ware.com>

Andy Ketner's Home Page (N3OGT)

<http://www.vicom.net/~aketner/N3ogt.htm>

William G. Pierpont N0HFF

<http://www.raes.ab.ca/book/index.html>

Heimild Amatörradio

Agalega Island 3B6

Áætluð DXpedition í október 2000 er enn á áætlun. Hópurinn fékk Amatör leyfi og landgönguleyfi í mars. Einn úr hópnum er nú þegar farin til eyjunnar til frekari undirbúnings. Reiknað er með að sex stöðvar verði í loftinu í einu á öllum böndum frá 2-160 metrum. Einnig er reiknað með gervitungla starfsemi. Skoðið heimasíðu þeirra <http://www.agalega2000.ch> til frekari upplýsinga.

Heimild WorldRadio

QSL upplýsingar.

Þegar þið sendið QSL kort til Hong Kong hafið þá ekki China eða Peoples Republic of China í heimilisfanginu því þá fer pósturinn til Shanghai og einn mánuður bætist við tímenn sem tekur að koma kortinu til skila. Hafið bara Hong Kong og þá fer pósturinn með beinu flugi þangað.

Heimild WorldRadio

Uppsetning á endurvarpa í Bláfjöllum 99

Loftur TF3LJ og Þór TF3GW. Myndirnar tók TF3AO



CQ TF

er félagsblað Íslenskra radióamatöra.

Næsta blað kemur væntanlega út í byrjun desember hafi ritstjóra borist eitthvert efni til birtingar.